


Á yfirlitssýningu á verkum Louisu, sem í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum, má líta yfir málaraférl hennar; frá fölum tónum ungrar konu sem fer varlega í kynnum sínum við það afl sem í litunum býr til öryggis hins þroskaða listamanns sem grípur pallettið og leikur af fingrum fram um litatóna sem lúta valdi hans og þekkingu. Með þeim tjáir Louisa heim sem ekki verður settur í orð; hann er hljóður.

Það er sagt að ræðan sé silfur en þögnin sé gull og af því gulli á Louisa nóg. Hún birtist, lágvaxin og ákaflega fingerð og mér dettur í hug lítil fimm ára stúlka sem ég þekki. Hún var minnst á sinni deild á leikskólanum, jafnvel þótt hún væri næstum elst og það var alltaf verið að stríða henni á því að hún væri svo lítil. Eða allt þar til hún leit upp einn daginn og sagði: „Það er allt í lagi, ég er svo stór inni í mér.“ Og hvorki verða myndir Louisu til í orðavaðli. Þær eru fjallstór heimur úr djúpum þessarar finlegu konu; svo stór að það tæki eilífð að setja hann í orð og kannski mundi enginn sitja og hlusta til enda.

Hver og einn ber ábyrgð á því hvernig hann lítur á myndir Louisu. Hennar heimur er lokaður hið ytra og hún gefur engin fyrirsmæli um túlkun. Hvorki menn né dýr hafa svipbrigði né hreyfingu, held-



Louisa Matthíasdóttir

UTAN SEILINGAR

ur staldra við það eina augnablik sem tekur að að staðsetja þau í landslaginu. Svo lokar maður augunum og reiknar allt eins með að fólk og fénaður gangi út úr myndfletinum á meðan, hrossin fari á stökki og eftir verði lognkýrrar tjarnir – kannski syngi lóa, kannski velli spói og kannski gali gaukur. En allt er á sínum stað, óhagganlegt – svo nærri en þó utan seilingar.

Louisa fæddist og ólst upp í Reykjavík. Lengst af bjó hún á Höfða, sem þá var nánast úti í sveit. Hún gekk í Landakotsskóla og af því að vegalengdir eru afstæðar, þótti henni stutt göngu-

leiðin í skólann dag hvern. „En ég man helst eftir mér í regnkápu og stígvélum,“ sagði hún eitt sinn þegar við ræddum um veðurfar á Íslandi og fannst veturnir ekki til-takanlega harðir hér á suðvesturhorninu. Og í mörgum mynda hennar má sjá hvar Louisa hefur gengið. Meðal verka hennar eru götummyndir frá Klapparstíg og Vatnsstíg. Konur ganga Vesturgötuna og hún horfir niður Ægisgötuna, í átt að höfninni. Henni fannst Vesturbærinn svo spennandi, „kannski vegna þess að ég bjó í austurbænum,“ segir Louisa og svo þarf ekki að flækja það meira.

Í bókinni „Louisa Matthíasdóttir – Myndir“ skrifar Sigurður A. Magnússon um hana: „Sautján ára hleypti Louisa heimdraganum og hjélt í fylgd móður sinnar til Kaupmannahafnar þarsem hún stundaði nám við Listiðnaðarskólann næstu þrjú árin og lærði auglýsingateikun og skreytilist. Hversvegna hún valdi þann skóla fremur en Listaakademíuna er á huldu, en vera má að námið þar hafi gert hana sjálfstæðari gagnvart ríkjandi listastefnum. Svo mikið er víst að hún hefur allan sinn feril farið eigin leiðir og verið með öllu ósnortin af stefnum og tiskustráumum samtíðarinnar.

Sumarið 1938 hélt Louisa til Frakklands með foreldrum sínum og varð þar eftir um veturinn.

Stundaði hún nám hjá Marcel Gromaire einsog ýmsir samlandar hennar fyrr og síðar.“

Einhver kynni að halda að á þeim tíma hafi ekki þótt svo sjálfgefið að unglingsstúlka héldi til útlanda til að læra myndlist. En Louisa bjó við annars konar viðhorf. Hún hafði teiknað mikið frá því hún var smákrakki og í rauninni kom aldrei annað til greina en að hún fengist við myndlist. Hún fékk bæði hvatningu og stuðning frá foreldrum sínum.

Foreldrar hennar voru Matthías Einarsson lækur og Ellen Johannessen Einarsson og þegar Louisa var að alast upp, ferðudust foreldrar hennar mikið, sigldu til flestra landa Evrópu og höfðu því tapað heimóttanum. Sjálf voru þau list-

elsk og söfnuðu verkum eftir íslenska málara sinnar samtíðar.

Louisa dvaldi í Frakklandi í einn vetur og kom heim sumarið 1939, „rétt áður en seinni heimsstyrjöldin brast á,“ eins og segir í fyrirnefndri grein Sigurðar A. Magnússonar, og hann heldur áfram: „Faðir hennar leigði handa henni lítið lystihús í garðinum gegnt Kirkjustræti 10 þarsem Landsímahúsið stendur nú. Þar vann hún við að mála öllum stundum, ýmist ein eða í félagi við vinkonu sína, Nínu Tryggvadóttur, enda var ýmislegt líkt með list þeirra og áhugamálaum á því skeiði. Þær voru líka tíðir gestir í Unuhúsi, sem þá var menningarmiðstöð höfuðstaðarins, og áttu samneyti við ýmsa andans menn sem gerðu garðinn frægan, svo sem Erlend í Unuhúsi, Laxness, Þórberg, Stein Steinarr og Ragnar í Smára.“

Louisa ætlaði sér aftur til Frakklands, en heimsstyrjöldin síðari var í algleymingi og ekkert varð úr því. Þegar hún er spurð hvernig listamannalífði hafi verið þann vetur sem hún dvaldi í París, segir hún: „Ég veit það ekki. Ég bjó rétt utan við borgina. Á morgnana fór ég í skólann og vann þar allan daginn. Á kvöldin fór ég heim að sofa.“ Og þegar Louisa á í hlut, hlýtur það að vera fullkomlega eðlilegt að hún skyldi vera utan seilingar Parísarbúanna með allt sitt listamannaleikrit.

Árið 1941 hélt hún til Bandaríkjaanna, vegna þess að henni fannst hún þurfa að læra meira. Hún vissi að fjöldi myndlistarmanna hafði yfirgefið Frakkland og haldið til Vesturheims og nú var framtíðin stöð þar. Hún stundaði nám hjá Hans Hofmann sem var þekktur málari og kennari í Greenwich Village og hafði hún miklar mætur á honum bæði sem manni og læriföður. En í New York voru fleiri framtíðir en framtíð myndlistarinnar. Þar var eiginmaður hennar, Leland Bell, og þeirra framtíð saman. Þau giftust árið 1943 og síðan hefur Louisa starfað í Bandaríkjunum, áunnið sér virðingu sem málari; sjálfsagt meiri virðingu en okkur grunar, þegar við sjáum hana hér hvert sumar; látlaus, rólega í fasi, ganga um göturnar og skyggjast undir yfirborð hlutanna. Og víst er að sjálf hefur Louisa ekki hátt um þann orðstír.

Texti/ssv

ÞIÐ ERUÐ GÓÐ FYRIRMYND

– segir Joe Allard, sem sækir íslenska listamenn til að taka þátt í Listahátíðinni í Essex

LISTAHÁTÍÐIN í Essex, á Englandi, verður haldin dagana 4. til 19. nóvember næstkomandi. Hátíðin er að þessu sinni tileinkuð Íslandi, en upphafsmaður hennar er Joe Allard, lektor í fornum norrænum bókmenntum við háskólann þar í borg. Hátíðin var haldin í fyrsta skipti

árið 1981 og síðan annaðhvert ár til 1990 en hefur síðan verið haldin á hverju ári. Allt þar til í fyrra var eingöngu boðið upp á breska list, en þá var ákveðið að breyta áherslum og þema hátíðarinnar var „Frumbyggjalist“ og þá frá Bandaríkjunum.

Sjálfur kemur Joe Allard frá Bandaríkjunum, en hefur verið kennari við háskólann í Essex frá 1974. „Það undraði mig alltaf eftir að ég kom til Colchester,“ segir hann, „hversu breitt bilið var milli háskólans og hins almenna borgara. Síðan var það árið 1980 að ég var á ráðstefnu og hiti þar leikhúsmann sem var víðriðinn Menningarmiðstöð Colchester sem þá hafði nýlega verið opnuð. Eftir að við höfðum rætt saman um stund, spurði ég hann hvað mælti á móti því að við kæmum listahátíð á laggirnar fyrir þetta hérað. Hugmyndin á bak við þessa uppástungu var sú, að þetta væri góð leið til að leiða saman háskólann og borgina. Við buðum vinum okkar


og vinum þeirra til umræðufunda – þetta varð ansi stór hópur – og ári seinna buðum við upp á nokkuð góða listahátíð, með bókmenntum, tónlist, leiklist og myndlist. Hátíðin tókst mæta vel svo við ákváðum að endurtaka leikinn tveimur árum seinna og höfum síðan haldið ótrauðir áfram. Smám saman bættust nýir aðilar og stofnanir í undirbúningshópinn, til dæmis bókasöfn, skólar og gallerí borgarinnar.“

Hvers vegna ákváðu þið að gera þetta að alþjóðlegri hátíð?

„Einfaldlega vegna skorts á breskum listamönnum. Okkar hátíð var að verða eins og allar aðrar hátíðir í Bretlandi. Það er alltaf sami hópurinn sem ferðast á milli hátíð-

anna. Ef þú lítur yfir þær, þá er mjög svipuð dagskrá á þeim öllum.“ Það lýsir nú ekki mikilli grósku í ykkar eigin listalífi. Eða hvað?

„Nei. Það hefur verið ráðið á listir á seinustu árum og töluvert dregið úr gæðum listsköpunar í Bretlandi. Frá því í seinni heimsstyrjöldinni að læðast að Bretum að þeir eru ekki alþjóðlegt veldi lengur. Þeir eru ekkert heimsveldi. Þeir eiga fátt til að byggja á sjálfir og hafa þurft að draga saman seglin. Þeirra aðferð er að skera niður menntun og sköpun – sem er alveg óskiljanlegt. Ég hef verið kennari við háskólann í 19 ár og andrúmsloftið þar er vægast sagt hræðilegt. Í tólf ár hefur



Morgunblaðið/Árni Sæberg

JOE ALLARD: Listin er ekki einkaeign hverfandi kynslóða.

enginn kennari verið skipaður við skólann, en tveir hætt. Á sama tíma hefur fjöldi stúdenta tvöfaldast og við höfum ekki fengið kauphækkun í sex ár. Það er sama sagan í öllu menntakerfinu og verst er ástandið í grunnskólunum.

Það hefur verið skorið niður alls staðar, en vegna þess hversu vísindalega trúaðir Bretar eru, þá hafa styrkir til listnáms verið skertir mun meira en til vísindanáms. Á móti hverjum tveimur styrkjum til náms

í raunvísindagrein sem hafa verið skornir niður, hafa fimm styrkir verið skornir niður í listgreinum.“

En hvers vegna völdu þið Ísland á hátíðina?

„Ég hef komið mikið til Íslands á síðastliðnum níu árum og er mjög hrifinn af þessari þjóð. Það er svo hvetjandi að sjá hvað þið styðjið vel við bakið á listalífni. Á meðan „menntaða fólk“ – þ.e. stjórnmálamenn og fjölmiðlar – í Bretlandi eru að velja vöngum um hvort þeir eigi að fylgja Evrópusamstarfi eða fylgja líði með Bandaríkjunum, er eins og þið hafið ákveðið að standa með ykkur sjálfum; ykkar arfleifið og menningu.“

Af ótal ástæðum finnst mér að stjórnvöld í Bretlandi ættu að kynna hugsunarhætti ykkar og menningu. Þau gætu lært heimlíkið af því. Ísland hefur margt að gefa okkur og það er svo sérkennilegt að hver og einn Íslendingur virðist vera listamaður – hvort sem hann er góður eða slæmur listamaður – en hver sem er getur fengið hvatningu og stuðning ef hann virkilega vill vinna sem listamaður. Ást ykkar og skilningur á listum er óviðjafnanlegur. Annað sem ég hef tekið eftir, er að það er nánast sama hvern maður hittir hér, allir þekkja alla rithöfundu og skáld. Hið ritaða orð er svo lifandi í vitund ykkar. Þið þekkið líka flesta ykkar málara og tónskáld og hljómlistarmenn. Þegar ég fór að spyrja fyrir um listamenn hér, fékk ég heimlíkið af upplýsingum – sama hvern ég spurði.“

En erum við ekki bæta í draumaheimi? Hvers vegna væru listir að